



Viðtakandi Umhverfis- og samgöngunefnd.
Sendandi Innviðaráðuneyti

Dagsetning 20. febrúar 2024
Málsnúmer IRN23111190

Veljið tilgang

Athugasemdir umsagnaraðila við tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

Inngangur

Minnisblað þetta er unnið að beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna umsagna um mál nr. 5353, tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Alls bárust 20 umsagnir um þingsályktunina frá eftirtöldum aðilum: Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Eldvötnum, Ferðamálastofu, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Grænni orku, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslunni, Landsneti, Landsvirkjun, Landssamtökunum Þroskahjálp, Landvernd, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, ÖBÍ réttindasamtökum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samgöngustofu, Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra og Vinum íslenskrar náttúru (VÍN). Í minnisblaði þessu verður gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust Alþingi í umsögnum um þingmálið ásamt viðbrögðum ráðuneytisins. Þá óskar nefndin eftir frekari upplýsingum um innihald stefnunnar varðandi orkuöflun, landnotkun í þéttbýli og fjarskipti.

Ráðuneytið vekur athygli á því að horfa verður á uppbyggingu þingsályktun landsskipulagsstefnu sem eina heild. Ekki er fjallað um allar áherslur undir öllum þremur markmiðum A, B og C en til að mynda verður að horfa til allra þeirra þátta sem beinast að skipulagi miðhálandisins, dreifbýlis, þéttbýlis og skipulagi haf- og strandsvæða. Ráðuneytið ítrekar einnig að í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og nýtingu og vernd auðlinda haf- og strandsvæða.

Að hvaða leiti fjallar stefnan um orkuöflun?

Þingsályktunin setur ekki stefnu varðandi orkuöflun þar sem stefnumótandi ákvarðanir á því sviði eru teknar á öðrum vettvangi fyrir landið í heild, þ.e. í rammaáætlun. Markmið stefnunnar er að vera leiðbeinandi fyrir sjórnvöld sem sinna skipulagsgerð og ákvarðanir sem teknar eru í samræmi við skipulagslög og er framfylgt af sveitarfélögum í skipulagi. Áhersla C.2 segir að: Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarjosi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi.

Að hvaða leiti fjallar stefnan um landnotkun í þéttbýli (utan þéttbýliskjarna)?

Stefna um landnotkun í landsskipulagsstefnu fjallar um landnotkun sem beinast að skipulagi áherslur beinist að skipulagi miðhálandisins, dreifbýlis, þéttbýlis og skipulagi haf- og strandsvæða. Land sveitarfélags getur fallið innan alla iðjóra hópanna, og er það skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélags hvar þéttbýlismörk liggja og eiga áherslur sveitarfélagsins um landnotkun við á þeim svæðum. Stefna er því sett um landnotkun bæði í þéttbýli og dreifbýli en áherslur geta verið mismunandi. T.d. varðandi vernd opinna/óbyggðra svæða geta áherslur um landnotkun í þéttbýli snúist um vernd opinna svæða til að tryggja líffræðilega iðjölbreyni og nota fyrir íbúa til að stýcja við markmið lýðheilsu, en stefna um landnotkun í dreifbýli gæti snúist um vernd landbúnaðarsvæða eða vernd landslagsheilda. Það er á ábyrgð sveitarfélaganna að nýta land á sjálfbæran hátt, hvort sem um er að ræða náttúruvernd, uppbyggingu húsnaðis eða atvinnuþróun. Sjá nánar áherslur merktar B í þingsályktuninni.



Að hvaða leiti er fjallar stefnan um fjarskiptakerfi?

Fjallað er um mikilvægi þess að byggja traust ijarfskiptakerfi í kafla B.5 (tölulið 4 og tölulið 7) sem hluta af umjöllun um veituvinnviði. Skipulagsákvarðanir um ijarfskiptamannvirki í dreifbýli geri kleift að byggja upp traust ijarfskiptakerfi en taki jafnframt tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Skipulagsákvarðanir um ijarfskiptamannvirki í þéttbýli geri kleift að byggja upp traust ijarfskiptakerfi, en taki jafnframt tillit til umhverfisáhrifa

1. Byggðastofnun

Í umsögninni kemur fram að stofnunin telur mikilvægt að ræktarland verði varðveitt og því ekki ráðstafað til annarra nota nema í undantekningartilfellum. Vísað er í markmið A tölulið 5 í áherslu A.3 þar sem segir að „Í skipulagi verði sett fram stefna um varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og hún útfærð í skipulagsákvæðum um landnotkun, þar á meðal við ákvarðanir um ráðstöfun lands undir mannvirki, ræktun og byggð“.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið bendir á að í áherslu C.8 undir tölulið 6 er fjallað um varðveislu landbúnaðarlands. Auk þess er í markmiðum jarðarlaga nr. 81/2004 fjallað um að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota. Auk þess er í aðgerð 5 í aðgerðaráætlun þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu kveðið á um að landbúnaðarland verði flokkað á landsvísu sem er til þess fallið að hafa meiri yfirsýn yfir gott ræktarland og auðveldar varðveislu þess.

Í umsögninni kemur fram að stofnunin telji að víða í dreifbýli sé nær ómögulegt að fylgja eftir tölulið 3 undir áherslu A.2 sem segir að „Í skipulagi í dreifbýli verði, eftir því sem kostur er, skilyrði fyrir samtengdu kerfi samgangna, með áherslu á virkan ferðamáta og almenningsamgöngur.“ Víða sé um verulegar vegalengdir að ræða sem dragi úr að notkun virks ferðamáta sé þar raunhæfur kostur og þá sé strjálbýli oft það mikið að kostnaður við hefðbundnar almenningsamgöngur með viðunandi tíðni verði að teljast þar óraunhæfar.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Bent er á að töluliðurinn er orðaður þannig að það fari eftir aðstæðum hverju sinni á hvaða hátt sé tækifæri til að fylgja eftir áherslum A.2 en á sama tíma er mikilvægt að huga að og fjalla um virkan ferðamáta og almenningsamgöngur í skipulagi.

2. Bændasamtök Íslands

Með umsögn sinni vilja samtökin vekja athygli á mikilvægi þess að þau atriði er varða landbúnað með einum eða öðrum hætti verði sett í forgang. Samtökin leggja áherslu á að gripið sé til aðgerða á grundvelli þjóðaröryggis til að tryggja ræktunarland og annað landbúnaðarland til landbúnaðarnota.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Jarðarlög nr. 81/2004 fjalla um að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu sé varðveitt til slíkra nota. Í áherslu C.8 í tölulið 6 stendur „Við skipulagsgerð í þéttbýli verði vaxtarmörk þess skilgreind, m.a. með það fyrir augum að standa vörð um verðmætt landbúnaðarland“. Auk þess er í aðgerðaráætlun kveðið á um að landbúnaðarland verði flokkað á landsvísu sem er til þess fallið að hafa meiri yfirsýn yfir gott ræktarland og auðvela varðveislu þess.

Bændasamtök Íslands leggja til nýja aðgerð sem snýr að því að eigendastefna ríkisins um ríkisjarðir verði uppfærð með það að markmiði að landbúnaðarnot slíkra jarða séu í forgangi auk þess sem skoðaðir verði möguleikar ríkisins til jákvæðra hvata þannig að markmiði sé náð.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar ábendinguna og tekur undir með Bændasamtökum Íslands. Ráðuneytið bendir á að stofnunin Ríkiseignir var sett á laggirnar fyrir níu árum síðan til að annast miðlæga eignaumsýslu jarðeigna ríkisins. Ríkissjóður á yfir 400 jarðir sem eru á forræði FSRE í umboði íjarmála- og efnahagsráðuneytisins.



3. Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Umsögn Eldvatna er mjög umfangsmikil en í afstöðu innviðaráðuneytis er komið inn á helstu atriði umsagnarinnar. Í umsögn sinni gera Eldvötn m.a. athugasemd við að óbyggð víðerni verði ekki samtímis vernduð til framtíðar og skorin af ágengum innviðum.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið tekur undir mikilvægi þess að óbyggð víðerni og landslagsheildir rjúti verndar og bendir í því samhengi á áherslu A.5 þar sem segir að skipulag miði að því að varðveita iðjóbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. Einnig má benda sérstaklega á tölulíði 1 og 6.

- *Í skipulagi verði sérkennum miðhálandisins og sérstæðri náttúru þess viðhaldið með áherslu á verndun víðerna hálandisins og landslagsheilda. Við skipulagsgerð verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni hálandisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna.*
- *Á dreifbýlissvæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni.*

Aðgerð 13 snýr að því að júlka við kortlagningu víðerna út frá þeim viðmiðum sem sett eru fram í lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Samtökin telja að stefnu vanti eða áætlun um viðbrögð ef farið er yfir þolmörk.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

- *Áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á. Skipulagsáskvarðanir um ferðaþjónustu og ferðamannastaði byggist á gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags.*
- *Áhersla C.8. Skipulagsáskvarðanir um uppbyggingu ferðaþjónustu og ferðamannastaða byggist eins og kostur er á gögnum um þolmörk innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. Sérstaklega sé hugað að áhrifum ferðamennsku á húsnæðismarkað og þjónustuframboð.*

Markmið þingsályktunartillögunnar er að stuðla að því ferðaþjónustan fari ekki yfir þolmörk náttúrunnar. Aðgerð 12 í aðgerðaráætlun þingsályktunarinnar snýr að uppbyggingu ferðaþjónustumannvirka á hálandinu þar sem markmiðið er að uppbyggingin verði innan þolmarka hálandisins. Þá kemur fram í fyrstu drögum aðgerðaráætlunar ferðamálastefnu menningar og viðskiptaráðuneytis að unnið verði að þróun verkfærakistu vegna þolmarka og álagsmats á áfangastöðum.

Samtökin vara við þeirri stefnumörkun að vegir um miðhálandið séu gerðir fólksbílafærir með tilheyrandi umferðarþunga og mannmergð. Einnig er bent á að uppfæra þurfi miðhálandislínu.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ekki er verið að hverfa frá gildandi landsskipulagsstefnu. Aðgerð 6 er iðjallar um stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins með það að markmiði að unnið verði að greiningu á ástandi vega á miðhálandinu og lagt mat á mismunandi kosti við þróun samgöngukertis miðhálandisins og útfærslu vega á miðhálandinu. Einnig er tekið fram í áherslu A.5 tölulíði 3 að á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins. Miðhálandislínan fylgir stefnu sem sett var 1999 en síðan þá hafa þjóðlendur verið skilgreindar.

Í umsögn sinni eru tillögur að orðalagsbreytingum í áherslu A.6 liðum 2 og 3.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið telur ekki þörf á orðalagsbreytingum.

Að mati Eldvatna, sé sveitarfélögunum, þar sem nýtingarhagsmunir hafa of víða og oft ráðið för, fært vald til þess að marka stefnu um vegakerfi miðhálandisins. Landsskipulagsstefnan sé stefnumótandi áætlun sem sveitarfélögunum ber skv. lögum að taka mið af við sína skipulagsgerð. Þá benda samtökin á að miðhálandi Íslands sé gegnumgangandi þjóðlenda, sem stjórnslan ætti að endurspegla með skýrari og meira afgerandi hætti en raunin sé.



Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið – bendir á að áhersla B4 segir að: Sveitarfélög á miðhálandinu geri grein fyrir og marki stefnu um þjóðvegi, þ.e. stofnvegi og landsvegi, í aðalskipulagi í samráði við Vegagerðina í samræmi við lög um náttúruvernd. Skipulagsákvæði um vegi á miðhálandinu feli í sér að vegaframkvæmdum verði haldið í lágmarki, möskvar vegakertisins verði sem stærstir og að hönnun allra vega taki mið af náttúruvernd, sérstaklega með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða.

Í umsögn sinni benda Eldvötn á að við skipulagsgerð verði leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamáta þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Þetta verði unnið í takt við bestu þekkingu á stýringu ferðamanna á víðernasvæðum á hverjum tíma, með áherslu á öræfakýrrð og víðernaupplifun.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Í áherslu C.7 í lið 3 segir að við skipulagsgerð verði stuðlað að því að við uppbyggingu mannvirkja og þjónustu verði tekið tillit til þolmarka náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og aðgengi ákvarðað í samræmi við þau. Hugað verði að varðveislu landslags sem aðdráttarfls fyrir ferðamenn. Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálandinu verði jafnframt viðhöfð sérstök aðgæsla sem tryggji að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni

Eldvötn leggja til orðalagsbreytingu við áherslu B.5 lið 3. Einnig eru tillögur að því að bæta inn orðinu víðerni við lið 4 og 5.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Í þingsályktuninni eru áherslur er varðar víðernin til að mynda í áherslu A.5 lið 6. Á dreitbýlissvæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni.

Eldvötn benda á að í aðgerð 13 í aðgerðaráætlun landsskipulagsstefnu vanti orðið Óbyggðra samkvæmt 73. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar ábendinguna og vekur athygli á því að 32 gr, 3. mgr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir: Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsroti, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufrarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

4. Ferðamálastofa

Í umsögn Ferðamálastofu er gerð athugasemd við að ekki sé minnst á Áfangastofur sem umsagnaraðila/samstarfsaðila eða að tekið sé mið af áfangastaðaáætlunum.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Í þingsályktunartillögu landsskipulagsstefnu kemur fram undir áherslu C.7 að skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á. Enn fremur kemur fram undir lið 7 að „skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðaþjónustu og ferðamannastaða taki mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna“. Ráðuneytið bendir einnig á að ekki eru öll sveitarfélög með áfangastofur og eru þær svæðisbundnar þjónustueiningar á vegum opinnberra aðila og einkaaðila. Sveitarfélögunum er í sjálfsvald sett að eiga samstarf við áfangastofur þar sem við á.

5. Fjórðungssamband Vestfirðinga

Í umsögninni ítrekar Fjórðungssambandið að úthlutanir á framlögum til Skipulagssjóðs hafi um langt árabíl verið takmarkaðar og ekki í samræmi við innheimt skipulagsgjald. Fjórðungssambandið bendir því til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis að flyta umfjöllun um mál Skipulagssjóðs með tillögum um hækkun framlaga í Fjármálaáætlun 2025-2029 og í frumvarpi til fjárukalaga 2024.



Afstaða innviðaráðuneytisins:

Í þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu er ekki iðjallað um Skipulagssjóð nema að því leiti að vinnu starfshóps er að júka við að endurskoða álagningu og ráðstöfun skipulagsgjalds til sveitarfélaga þar sem gagnrýni hefur komið fram er varðar innheimtu gjaldsins, endurgreiðslu til sveitarfélaga þar sem að einungis hluti gjaldsins rennur til skipulagsgerðar sveitarfélaga og annarra verkefna á sviði skipulagsmála samkvæmt iðjarlögum. Áformað er að leggja fram frumvarp þess efnis á vorþingi.

Í umsögninni er komið inn á að sveitarfélög á Vestfjörðum hafi ítrekað ályktað á sínum vettvangi að skipulag strandsvæða verði alfarið á vettvangi sveitarfélaga og þannig falli saman áherslur í skipulagsgerð á landi með skipulag strandsvæðis. Skipulagsvinna sé því á einni hendi en ekki skipt á milli ríkis og sveitarfélaga.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Sveitarfélög fara með skipulagsgerð og leyfisveitingar út að 115 m út frá stórstraumsjörðu (innan netlaga). Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 er landsskipulagsstefnu skylt að marka stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum utan netlaga að ytri mörkum efnahagslögsögunnar. Einnig er tekið fram að sérstakt samráð skal haft við viðkomandi sveitarfélög um samræmingu skipulags strandsvæða og skipulagsáætlana samkvæmt skipulagslögum og við hafnarsjónir vegna hafnarsvæða.

Fjórðungssambandið beinir að nefndinni að taka til skoðunar að breyta framsetningu aðgerða 8 og 9 með hliðsjón af ákvæðum laga 88/2018. Einnig er lagt til að aðgerð 10 í aðgerðaráætlun landsskipulagsstefnu verði flýtt til ársins 2024 og þar verði lagt mat á gerð strandsvæðaskipulags fyrir Breiðafjörð.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið tekur undir að skýrar mætti koma fram að aðgerðir 8 og 9 verði unnar samkvæmt lögum um haf- og strandsvæði nr. 88/2018 og leggur til að bætt verði við „[...] samanber lög um haf- og strandsvæði nr. 88/2018“ ásamt því að bæta því við að Svæðisráð beri ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags.

Stutt lýsing aðgerða 8 og 9 yrði þá (án undirstrikanna): Unnið verði strandsvæðisskipulag fyrir Eyjajörð samanber lög um haf- og strandsvæði nr. 88/2018. Gert er ráð fyrir að skipulagssvæðið afmarkist af Siglunesi í vestri og Ejaranajalli í austri. Ráðherra skipi svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags á svæðinu í samvinnu við Skipulagsstofnun. Svæðisráð bera ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags. Innviðaráðuneytið er skráð með ábyrgð á aðgerðunum þar sem ekki er búið að skipa svæðisráð.

Ráðuneytið bendir á að óski Fjórðungssambandið eftir því að svæðisskipulag fyrir Breiðanajörð verði hluti af aðgerðaráætlun landsskipulagsstefnu verði rökstuðningur að berast innviðaráðherra.

6. Græna orkan, Samstarfsvettvangur um orkuskipti

Í umsögn sinni kemur Græna orkan inn á að undir áherslu A.1 þar sem talað er um að leiðarljós skipulags eigi að vera kolefnishlutleysi og orkuskipti vanti að setja inn hugtakið orkuskipti í tölulíðum sem þar koma á eftir. Einnig er óskað eftir því að kveðið sé sterkara að orði í áherslu A.2 og gert sé ráð fyrir að allar samgöngur á miðhálandinu séu losunarlausar. Þá er óskað eftir skilgreiningum á ýmsum hugtökum.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Víða í þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu er komið inn á loftslagsmál með mismunandi áherslum, s.s. undir markmiði A. Vernd umhverfis og náttúru þar sem áhersla er á náttúruvernd og hvað hægt er að gera til að draga úr losun kolefnis. Þá er komið inn á orkuskipti undir markmiði C um samkeppnishæft atvinnulíf. Hvað varðar skilgreiningar á hugtökum þá mun stefnan vera gefin út í aðgengilegra formi með nánari skilgreiningum á ákveðnum hugtökum þegar hún hefur verið samþykkt.

Í umsögninni er lagt til að undir áherslu C.5 „Skipulag haf- og strandsvæða skapi grundvöll fyrir fjölbreytta nýtingu jafnframt því sem viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland og tekið tillit til öryggis sjófarenda“ komi inn tölulíður um landtengingar skipa í höfnum. Þá er lagt til að í áherslu



C.7 að „skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á“ sé gerð grein fyrir því að orkuskiptin séu mikilvægur hluti af ferðaþjónustunni.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Er varðar landtengingar skipa í höfnum kemur fram undir áherslu A.2 tölulið 4 að „Við skipulagsgerð verði gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti, svo sem hleðslustöðvum, sem stýcja við orkuskipti í samgöngum á landi, í íbúðahverfum, á atvinnusvæðum, við hafnir, stofnvegi, á sjó og í lofti“.

Í áherslu C.2 kemur fram að skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarjóni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi“ þar af leiðir að orkuskiptin eru mikilvægur hluti af ferðaþjónustunni þar sem þetta er stefna fyrir landið í heild.

7. Landbúnaðarháskóli Íslands (LBHÍ)

Í umsögn sinni gerir Landbúnaðarháskóli Íslands athugasemd við orðalag lykilviðfangsefna fjögur og sex. Lagt er til að lykilviðfangsefni fjögur fái yfirskriftina Landnotkun í þéttbýli og dreifbýli í stað Landnotkun í dreifbýli og að lykilviðfangsefni sex verði Vistvænar samgöngur og orkuskipti í stað Orkuskipti í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta. Einnig er vakin athygli á mikilvægi þess að komið sé á formlegra samstarfi og samtali um miðlun þekkingar um skipulagsmál sem fræðafólk LBHÍ býr yfir og vinnur að því að afla. Bent er á að efla þurfi samtal um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, þá sérstaklega í ljósi búsetugæða.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Lykilviðfangsefni þingsályktunartillögu landsskipulagsstefnu voru unnin í kjölfar stöðutöku í grænbók ásamt þeim áherslum sem ráðherra setur í málaflokknum. Er því ekki talin ástæða til þess að lagðar séu til breytingar á þeim. Landsskipulagsstefna íjallar engu að síður um landnotkun í þéttbýli þó svo hún sé ekki mörkuð sem ein af lykilviðfangsefnum þessarar stefnu og má þar nefna allt sem er merkt bókstafnum P í áherslum stefnunnar.

Ráðuneytið tekur undir að mikilvægt sé að fá sem flesta aðila að borðinu er varðar skipulagsmál og fagnar áhuga Landbúnaðarháskólans við framfylgd stefnunnar.

Ráðuneytið tekur undir að horfa þurfi til gæða í byggðu umhverfi og bendir á að í áherslu B.7 segir að skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi. Nánar er komið inn á þetta undir liðum 3 og 5 í áherslu B.7 þar sem segir:

- *Við skipulag byggðar og bæjarhönnun í þéttbýli verði stuðlað að gæðum í hinu byggða umhverfi og sett fram stefna og ákvæði um byggðamyntur og mælikvarða, og samspil byggðar, bæjarrýma og samgangna. (P)*
- *Skipulag byggðar skapi góð skilyrði til búsetu og góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað með vandaðri og viðeigandi hönnun byggðar og almenningsrýma. Við skipulagsgerð verði byggt á Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningum um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli. (P)*

8. Landgræðslan

Í umsögn Landgræðslunnar koma fram ýmsar ábendingar varðandi orðalag og tillögur að breytingum, m.a. varðandi notkun orðsins uppgræðsla.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið leggur til að breyta orðalagi áherslu A.3 lið 8 þar sem textinn sem er undirstrikaður yrði bætt við: Vistgerðaflokkun, ásamt bestu fánalegu upplýsingum og stefnum um uppgræðslu og endurheimt lands, verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum

Bent er á að æskilegt væri að tilgreina betur hvað er átt við með innviðum og hvort verið sé að tala um afhendingaröryggi eða öryggi almennt.



Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið leggur til breytingu á áherslu B.5 þar sem bætt yrði við í lok setningar „örugga afhendingu orku“. Áhersla B.5 yrði þá: „Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituvinnviðum sem tryggja örugga afhendingu á orku.“

Í umsögninni er einnig bent á að koma þurfi fram að vatnstaka sé í samræmi við álagssól vatnsveitu og tryggt sé að ekki sé gengið á vatnsauðlindina. Landgræðslan leggur til að áhersla C.1 feli í sér stefnu um að draga úr losun og efla bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Í áherslu B.10 undir lið eitt og þjú kemur fram að:

- *Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmæðhöndlun, hjóðvist og loftgæði.*
- *Við skipulagsgerð verði tryggt heilnæmt umhverfi í þéttbýli með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd og fráveitu.*

Að mati ráðuneytisins er í þingsályktuninni kynnt stefna sem felur í sér aðgerðir um að bæði draga úr losun og eflingar bindingu kolefnis. Markmið C felur í sér stefnu um að horfa skuli til kolefnisbindingar við ákvarðanir um landnotkun, undir markmiði A um vernd umhverfis og náttúru er vísar til losunar eins og fram kemur í áherslu A.1 liður eitt: „að við skipulagsgerð verði mörkuð stefna um loftslagsmál. Hún feli í sér stefnu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu, með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.“

9. Landsnet hf.

Í umsögninni kemur fram að Landsnet telji að áherslur orkustefnu hefðu mátt skila sér með betri hætti inn í þingsályktunartillögu landsskipulagsstefnunnar, þar sem fjallað er um orkuskipti og loftslagsmál. Í umsögninni er jafnframt bent á að til þess að markmið um orkuskipti nái fram að ganga þurfi m.a. að byggja á hagkvæman hátt upp trausta innviði eins og raflínur. Landsnet telur að orðalag í áherslu B.5 feli í sér mjög takmarkaða lýsingu á umhverfismati kerfisáætlunar. Lagt er til að liðurinn verði færður undir markmið um vernd umhverfis og náttúru.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Fram kemur í áherslu B.5 að skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituvinnviðum sem tryggja öryggi. Bent er á að landsskipulagsstefna er stefnumarkandi fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga þar sem ákvarðanir um skipulag eru teknar og lögð er áhersla á að í skipulagi sé fjallað um veituvinnbyggingu þegar þess þarf.

Ráðuneytið áréttar að áhersla B.5 á við um þá framkvæmd að byggja upp flutningskerfið en ekki vernd umhverfis og náttúru. Umhverfismat kerfisáætlunar og annarra áætlana fer eftir lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 11/2021.

Landsnet bendir á að orðalag áherslu B.5, lið 5 endurspegli ekki nægjanlega þær lögbundnu skyldur sem gildi um uppbyggingu flutningskerfis og taki ekki tillit til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Þá geti framkvæmdir í flutningskerfinu ýmist verið vegna afhendingar eða flutnings raforku.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið tekur undir að bæta megi við orðasambandinu „flutning og“ og yrði orðalag B.5 liðar 5 svohjóðandi: Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja öruggan flutning og afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að veita þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í umsögn Landsnets kemur fram það sjónarmið að æskilegt sé að gengið sé lengra og hraðar í eiginlegar aðgerðir undir aðgerð 4 um þjóðhagslega mikilvæga innviði. Hvað varðar aðgerð 7 um samspil skipulagsáætlana og orkuskipta bendir Landsnet á að orkuskipti snúist að miklu leyti um aðgengi að orku og traustum orkuinnviðum. Auk Vegagerðarinnar væri rétt að nefna Landsnet og dreifiveitur í dæmi um samstarfsaðila.



Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar ábendinguna og mun hafa hana til hliðsjónar við útfærslu umræddra aðgerða.

10. Landsvirkjun

Í umsögn sinni bendir Landsvirkjun á að útfærsla markmiða er varða kolefnishlutleysi og verndun óbyggðra víðerna verði að vera vel ígrunduð og setji ekki óþarfa skorður á nauðsynlega uppbyggingu hagkvæmra endurnýjanlegra orkukosta. Í því samhengi er bent á að unnið sé að einföldun regluverks hjá Evrópusambandinu og mikilvægt sé að horft sé til evrópskra fyrirmynda um einföldun og hröðun leyfisferla. Landsvirkjun telur mikilvægt að landsskipulagstefna feli í sér umfjöllun um samspil loftslagsmarkmiða, náttúruverndar, áframhaldandi velferðar og frekari nýtingar endurnýjanlegrar orku.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið bendir á að vorið 2023 hafi Alþingi samþykkt frumvarp um breytingu á skipulagslögum sem hafi það markmið að minnka tafir við í breytingu á aðalskipulagi vegna framkvæmda við flutningskerfi raforku þar sem hægt er að kalla saman raflínunefnd með fulltrúum sveitarfélaga og búa til svigrúm til aukinnar skilvirkni við undirbúning framkvæmda.

Í umsögn sinni telur Landsvirkjun að víða mætti bæta við umfjöllun sem myndi styrkja efni stefnunnar s.s. um tengsl við önnur markmið og áform ásamt því að fjalla með almennum hætti um orkuöflun aðra en vindorkunýtingu. Í því ljósi telur Landsvirkjun sérstaklega mikilvægt að aukin nýting endurnýjanlegrar orku geti fallið undir markmið A) um vernd umhverfis og náttúru. Bent er á að aukin nýting endurnýjanlegrar orku sé forsenda þess að Ísland geti fasað út notkun á jarðefnaeldsneyti og þannig dregið úr kolefnislosun, auk þess sem hönnun og staðsetning virkjana geti verið með þeim hætti að þær hafi lágmarks áhrif á umhverfi og náttúru í nánasta umhverfi.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Í áherslu C.2 segir að skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarjóni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi. Enn fremur kemur fram undir lið fimm að við skipulagsgerð verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag.

Ráðuneytið telur aukin nýting endurnýjanlegrar orku eigi heima undir markmiði C um samkeppnishæft atvinnulíf.

Landsvirkjun óskar eftir að orðalagi verði breytt á þann veg að mögulegt sé að meta áhrif mögulegra virkjunarkosta á víðerni og að virkjunarkostir verði ekki sjálfkrafa útilokaðir. Á hálendi og miðhálendi séu staðsettir mjög hagkvæmir orkuöflunarkostir sem feli í sér að núverandi innviðir yrðu nýttir betur eða á annan hátt og telur Landsvirkjun ekki rétt að slík tækifæri verði útilokuð.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Þingsályktunartillaga landsskipulagsstefnu er óbreytt frá gildandi stefnu er varðar áhrif mögulegra virkjunarkosta á víðerni og byggir á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Athugasemd er gerð við fyrirsögn aðgerðar 4 í þingsályktunartillögunni – „Uppbygging og viðhald þjóðhagslega mikilvægra innviða“. Landsvirkjun bendir á að þjóðhagslega mikilvægir innviðir taki til fleiri þátta en flutningskerfis raforku og telur gagnlegt að skýra betur fyrirsögn þessarar aðgerðar. Orkuvinnslumannvirki séu einnig þjóðhagslega mikilvægir innviðir.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Í verkefnalýsingu aðgerðar 4 kemur fram að lagt verði mat á hvaða innviðir flutningskerfa svo sem samgöngu- og veitukerfi séu þjóðhagslega mikilvægir og skoðaðar leiðir til að einfalda og stuðla að ákvarðanatöku um uppbyggingu og viðhald þeirra.

Landsvirkjun telur að í aðgerð 7 samspil skipulagsáætlana og orkuskipta væri æskilegt að skipulagsáætlanir ríkis og sveitarfélaga myndu t.a.m. taka mið af nýtingarflokki rammaáætlunar, orkustefnu fyrir Ísland o.fl.



Afstaða innviðaráðuneytisins:

Í 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 er kveðið á um að verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana.

Þá er í sambandi við aðgerð 15 skipulag og leyfisveitingar vegna vindorkuvera bent á mikilvægi þess að horft sé til sjónarmiða er varða einföldun á leyfisferlum ásamt samlegð við aðrar áætlanir og lagasetningar á vegum stjórnvalda.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið áréttar að aðgerð 15 snýr að því að útbúa leiðbeiningar um skipulagsgerð og vindorkunýtingu. Leiðbeiningarnar ættu að leiða til þess að auðvelda ákvarðanatöku um leyfisveitingar.

11. Landsamtökin Proskahjálp

Samtökin undirstrika í umsögn sinni að stjórnvöld eigi að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð. Taka að öðru leiti undir umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar fyrir umsögnina og bendir á áherslu B.3 þar sem fram kemur að skipulag tryggi tækifæri fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt og að við skipulagsgerð verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis síns tryggður í öllu skipulagsferlinu; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna. Ráðuneytið vísar í svör við umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka.

12. Landvernd

Í umsögn sinni bendir Landvernd á að bæta verði við losun gróðurhúsalofttegunda frá landi við áherslu A.1.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Í áherslu 1 er verið að kynna yfirgrípanði áherslu fyrir stefnuna. Í lið 1 segir að við skipulagsgerð verði mörkuð stefna um loftslagsmál sem mun fela í sér stefnu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun og að auka kolefnisbindingu með kolefnishlutleysi að leiðarjóni. Því telur ráðuneytið að markmiðsliðurinn nái utan um losun gróðurhúsalofttegunda frá landi.

Þá koma þau sjónarmið fram að stórefla þurfi rannsóknir á samspiili landnotkunar og losunar gróðurhúsalofttegunda og að tillagan verði að fela í sér stefnu um að stórauka fagþekkingu með viðamiklum rannsóknum.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar ábendinguna og bendir á að í aðgerð tvö í þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu að skipulagsgerð stýcji við markmið um kolefnishlutleysi er lögð áhersla á að komið verði á markvissri söfnun og miðlun bestu fánlegu upplýsinga fyrir loftslagsmiðað skipulag um þætti sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu. Tryggt verði að sveitarfélög, skipulagsráðgjafar og hönnuðir hafi auðvelt aðgengi að bestu upplýsingum hverju sinni.

Landvernd gerir athugasemd við liði 1-2 í áherslu A 2. framfylgd við skipulagsgerð og telur framsetning þeirra óskýra. Óljóst sé hvernig stuðla skuli að jafnvægi ólíkra ferðamáta og að sama skapi sé mjög óráðið hvað er átt við með innviðauppbýggingu á hálendinu. Landvernd telur að um sé að ræða stefnubreytingu frá gildandi Landsskipulagsstefnu þar sem meginsteifið sé að aðgengi og þjónusta á hálendinu skuli vera í lágmarki og þjónustan við jaðar svæðisins.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Nánar er ijjallað um samgöngur á miðhálendinu í áherslu B.4 þar sem segir meðal annars undir lið 4 og 5 að við skipulagsgerð verði leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamáta þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að ijjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja og að



ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðtjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins. Í gildandi landsskipulagsstefnu er talað um jafnvægi á milli ólíkra ferðamáta en áhersla á orkuskipti kemur inn í framlagðri þingsályktunartillögu.

Í umsögninni kemur fram sjónarmið Landverndar að líta eigi fremur til friðlýsinga í stað hverfisverndunar til að vernda land sem talið er viðkvæmt fyrir búfjárbreit og öðrum aðgangi. Einnig er bent á mikilvægi þess að kortleggja svæði sem eru til þess fallin að endurheimta votlendi.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Hverfisvernd er verkfæri sveitarfélaga til að vernda svæði sem ekki þegar eru vernduð samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Samkvæmt aðgerð 13 skal halda áfram að kortleggja slóða/vegi til að hægt sé að hafa betri yfirsýn yfir þá þar sem umferð er nú á fleiri vegum/slóðum á hálandinu en æskilegt er.

Landvernd telur að kveða þurfi skýrar að orði hvernig vinna skal að strandsvæðisskipulagi svo það geti staðið undir þeim markmiðum sem sett eru fram í tillögunni að „líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins verði viðhaldið með því að standa vörð um vistkerfi og ástand sjávar m.a. með ástandsmati og vöktun“.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar brýninguna. Ráðuneytið bendir einnig á að í samþykktu svæðisskipulagi fyrir Vestfirði og fyrir Austfirði er markmið um að stuðlað verði að markvissri vöktun umhverfis. Svæðisráð lögðu áherslu á að seiða á fót heildstæða umhverfisvöktun lykildreyta og þær niðurstöður verði gerðar aðgengilegar.

Landvernd telur að í áherslu B.4 þurfi að koma skýrar fram hvernig samgöngumannvirkjum sé verið að stefna að og hvert viðmið lágmarksáhrifa á viðerni og óbyggðarupplifun sé. Þá telur Landvernd að undir markmið B ætti að vera mælikvarði um áætlaða losun frá landi.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar ábendinguna en telur ekki þörf á viðbrögðum að svo stöddu.

Enn fremur að undir áherslu C.2 – lið 8 sé talað um endurnýjanlegu orkuframleiðslu í stað notkun vistvænna orkuauðlinda. nýjanlega orkuframleiðslu.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar fyrir ábendinguna og tekur undir tillögu að orðalagsbreytingu.

13. Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn sinni leggur Náttúrufræðistofnun Íslands til nýja aðgerð sem snúa myndi að sérstökum leiðbeiningum um líffræðilega fjölbreytni og skipulag. Stofnunin bendir á að útskýra þyrfti betur hvað sé átt við með fullnægjandi verndun í mælikvarða undir markmiði um verndun umhverfis og náttúru.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Við gerð þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu var ákveðið að ekki yrði sett inn sér aðgerð er snýr að sérstökum leiðbeiningum um líffræðilega fjölbreytni en í aðgerð 14 verða unnar leiðbeiningar er taki á ráðstöfun lands í dreifbýli, m.a. varðveislu góðs ræktarlands ásamt aukinni þörf á landrými, svo sem fyrir skógrækt, ferðaþjónustu, frístundabyggð, íbúðauppbýggingu sem og hefðbundin landbúnaðarnot. Leiðbeiningar munu einnig lúta að loftslagsmiðuðu skipulagi, landslagsvernd, neti verndarsvæða, líffræðilegri fjölbreytni og sjálfbærri byggð.

Ráðuneytið bendir á að mælikvarðar eru betur skilgreindir í greinargerð í kafla 3.3. þar sem kemur fram að með fullnægjandi verndun er átt við þau svæði sem rjúta formlegrar verndar samkvæmt lögum og alþjóðasamningum.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til nýjan mælikvarða um endurheimt hnignaðra vistkerfa sem ákvarðanir í landnotkun hafi mikil áhrif á, einkum landgræðsla og endurheimt votlendis og náttúrulegra skóga.



Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar tillöguna en telur ekki þörf á viðbrögðum að svo stöddu.

Stofnunin óskar eftir því að vera samstarfsaðili í aðgerð 14 um skipulag í dreifbýli.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið leggur til að Náttúrufræðistofnun Íslands verði bætt við sem samstarfsaðila á aðgerð 14 í aðgerðaráætlun þingsályktunartillögu landsskipulagsstefnu.

14. Náttúruverndarsamtök Austurlands

Í umsögn Náttúruverndarsamtaka Austurlands er lagt til til að viðfangsefni eitt og níu verði sameinuð í „Viðbrögð við ofnýtingu auðlinda“.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Lykilviðfangsefni þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu voru unnin í kjölfar stöðutöku í grænbók ásamt þeim áherslum sem ráðherra setur í málaflokknum og er því ekki talin ástæða til að sameina lykilviðfangsefni.

15. ÖBÍ réttindasamtök

Í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka er lögð áhersla á hugmyndafræði algildrar hönnunar, að brýnt sé að huga vel að fjölbreyttum aðstæðum einstaklinga og skipuleggja þurfi aðgengilegt samfélag fyrir öll.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið tekur undir ábendingu ÖBÍ réttindasamtaka og leggur til orðalgasbreytingu við áherslu B.7 lið 6. Í lið 6 segir: Í skipulagi verði gert ráð fyrir heildstæðu kerfi vandaðra almenningsrýma og útivistarsvæða af mismunandi stærð og gerð sem henta fyrir hreytingu, leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa. Ráðuneytið leggur til að bætt verði við: „Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa.“

Lykilviðfangsefni þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu voru unnin í kjölfar stöðutöku í grænbók ásamt þeim áherslum sem ráðherra setur í málaflokknum og er því ekki talin ástæða til að breyta þeim. Í áherslu B.8 kemur fram að skipulag stuðli að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði með uppbyggingu hagkvæms og vandaðs íbúðarhúsnæðis sem svari þörfum ólíkra félagsþópa.

Gerðar eru athugasemdir við aðgerð 3 sem fjallar um að skipulag mæti húsnæðisþörf. Lagt er til að HMS verði falið það hlutverk að fylgjast með þörf fyrir félagslegt húsnæði innan sveitarfélaganna og gera þær upplýsingar aðgengilegar.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar ábendinguna og mun hafa hana til hliðsjónar við framkvæmd umræddrar aðgerðar.

Gerðar eru athugasemdir við aðgerð 17 sem snýr að einum ferli húsnæðisuppbyggingar og lögð áhersla á að metið verði hvernig áformaðar breytingar muni hafa áhrif á öryggi, heilsu og jafnt aðgengi landsmanna. Einnig leggur ÖBÍ til að leiðbeiningar til sveitarfélaganna leggi áherslu á algilda hönnun og aðgengi fyrir alla.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar ábendinguna og mun hafa hana til hliðsjónar við framkvæmd umræddrar aðgerðar.

16. Samband íslenskra sveitarfélaga

Í umsögn Sambandsins koma fram sjónarmið um að í Landsskipulagsstefnu sé lögð áhersla á að fyrirkomulag við ráðstöfun skipulagsgjalds verði tekið til endurskoðunar. Lagt er til að tekjur af skipulagsgjaldi renni að fullu til sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar þeirra. Lögð er áhersla á að aðgerðaáætlunin verði kostnaðarmetin þar sem við á og fjármögnun tryggð.



Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið bendir á að í þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu eru settar fram aðgerðir sem miða að því að útvega sveitarfélögum til þess bær verkfæri ásamt bestu fánlegu gögnum hverju sinni, sem mun draga úr kostnaðaráhrifum þeirra áherslna sem tiltekna eru í stefnunni. Ýmsar aðgerðir eru íjarmagnaðar með framlagi viðkomandi ábyrgðarráðuneyta. Heildarkostnaður aðgerðaáætlunar liggur ekki fyrir en mun ráðast af íjárheimildum íjárlaga hverju sinni og nánara kostnaðarmati sem gert verður í tengslum við verkefnisáætlun fyrir hverja aðgerð. Einnig er vinnu starfshóps að júka við að endurskoða álagningu og ráðstöfun skipulagsgjalds til sveitarfélaga þar sem gagnrýni hefur komið fram er varðar annars vegar skiptingu þess milli sveitarfélaga og hins vegar að einungis hluti gjaldsins rennur til skipulagsgerðar sveitarfélaga og annarra verkefna á sviði skipulagsmála samkvæmt íjárlögum. Stefnt er að framlagningu frumvarps á vorþingi um breytingu á skipulagslögum vegna skipulagssjóðs.

17. Samband sveitarfélag á Austurlandi (SSA)

Í umsögn sinni bendir Samband sveitarfélaga á Austurlandi á að í áherslum tillögunnar og þeim aðgerðum sem af þeim spretta koma fram tilmæli sem sveitarfélögum er ætlað að vinna í stefnur sínar og áætlanir. Því sé nauðsynlegt að sveitarfélög hafi greiðan aðgang að aðstoð opinberra stofnanna og geti nýtt þær bjargir til að mæta skyldum sínum. Einnig bendir SSA á að stjórnvöld tryggi sveitarfélögum fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla skyldur sínar í umhverfis- og loftslagsmálum, til að mynda með meiri hlutdeild af nýtingu náttúruauðlinda s.s. veiðigjalda, gjaldi af fiskeldi, skatttekjum af orkuframleiðslu og fjármagnstekjuskatti.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið bendir á að í þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu eru settar fram aðgerðir sem miða að því að útvega sveitarfélögum til þess bær verkfæri ásamt bestu fánlegu gögnum hverju sinni, sem mun draga úr kostnaðaráhrifum þeirra áherslna sem tiltekna eru í stefnunni. Ýmsar aðgerðir eru íjarmagnaðar með framlagi viðkomandi ábyrgðarráðuneyta. Heildarkostnaður aðgerðaáætlunar liggur ekki fyrir en mun ráðast af íjárheimildum íjárlaga hverju sinni og nánara kostnaðarmati sem gert verður í tengslum við verkefnisáætlun fyrir hverja aðgerð. Einnig er vinnu starfshóps að júka við að endurskoða álagningu og ráðstöfun skipulagsgjalds til sveitarfélaga þar sem gagnrýni hefur komið fram er varðar annars vegar skiptingu þess milli sveitarfélaga og hins vegar að einungis hluti gjaldsins rennur til skipulagsgerðar sveitarfélaga og annarra verkefna á sviði skipulagsmála samkvæmt íjárlögum. Stefnt er að framlagningu frumvarps á vorþingi um breytingu á skipulagslögum vegna skipulagssjóðs.

18. Samgöngustofa

Í umsögn sinni bendir stofnunin á að gott gæti verið að skerpa á orðlaginu í áherslu C.5 með því að vísa til þess að öryggi í siglingum sé forgangsmáttíð þegar kemur að skipulagi haf- og strandsvæða.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar ábendinguna en bendir á að kveðið er á um efnistöð fyrir skipulag haf- og strandsvæða í lögum um skipulags haf og strandsvæða nr. 88/2018. Þar kemur m.a. fram að í strandsvæðisskipulagi er sett fram stefna og ákvæði í samræmi við markmið laga þessara, þar á meðal með tilliti til sjálfbærrar þróunar, áhrifa á umhverfið og ásýnd þess, öryggissjónarmiða sem og annarra skipulagsforsendna sem þurfa að liggja fyrir vegna starfsemi eða framkvæmda á svæðinu. Það er því ekki hlutverk landsskipulagsstefnu að seija ákvæði um forgang vissra málaflokka í strandsvæðisskipulagi og telur ráðuneytið ekki þörf á að bregðast við að svo stöddu.

19. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE)

Í umsögn sinni gera samtökin athugasemd við að í aðgerðum átta og níu í aðgerðaráætlun stefnunnar er gert ráð fyrir að vinna hefjist við gerð strandsvæðisskipulags fyrir Eyjafjörð og Skjálfandaflóa árið 2025 og sé það í ósamræmi við fjárlög 2024. Samtökin óska eftir því að þetta ósamræmi sé leiðrétt af umhverfis- og samgöngunefnd.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið tekur undir ábendinguna og tillögu að breytingu.



Í leiðbeiningum Mannlíf, byggð og bæjarrými kemur fram að markmið um að skapa vönduð bæjarrými sem stuðla að því að fólk velji virka ferðamáta og almenningssamgöngur sem sitt fyrsta val birtist ekki jafn afgerandi í landsskipulagsstefnu og leggja samtökin til að það verði lagfært.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar ábendinguna og bendir á að í þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu er kveðið á um að skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvæna ferðamáta og orkuskipti í samgöngum. Þá verði skipulag loftslagsmiðað og feli í sér sambætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðakjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðabörf.

Samtökin leggja til að bætt verði við aðgerð þar sem skilgreint yrði grunnnet vistvænni samgangna, sambærilegu grunnneti vega á landsvísu.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið þakkar góða ábendingu og bendir á að þessi aðgerð gæti vel átt heima í aðgerðaráætlun samgönguáætlunar.

Samtökin taka undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga og annarra um mikilvægi þess að stjórnvöld tryggi sveitarfélögum fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla skyldur sínar í skipulagsgerð, þá sérstaklega í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál og að aðgerðaráætlun verði kostnaðarmetin.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Ráðuneytið bendir á að í þingsályktunartillögu um landsskipulagsstefnu eru settar fram aðgerðir sem miða að því að útvega sveitarfélögum til þess bær verkfæri ásamt bestu fánlegu gögnum hveiju sinni, sem mun draga úr kostnaðaráhrifum þeirra áherslna sem tiltekna eru í stefnunni. Ymsar aðgerðir eru íjárnagnaðar með framlagi viðkomandi ábyrgðarráðuneyta. Heildarkostnaður aðgerðaáætlunar liggur ekki fyrir en mun ráðast af ijarheimildum ijarlaga hveiju sinni og nánara kostnaðarmati sem gert verður í tengslum við verkefnisáætlun fyrir hveija aðgerð. Einnig er vinnu að júka við að endurskoða álagningu og ráðstöfun skipulagsgjalds til sveitarfélaga þar sem gagnrýni hefur komið fram er varðar annars vegar skiptingu þess milli sveitarfélaga og hins vegar að einungis hluti gjaldsins rennur til skipulagsgerðar sveitarfélaga og annarra verkefna á sviði skipulagsmála samkvæmt ijarlögum.

20. Vinir íslenskrar náttúru (VÍN)

Í umsögn VÍN er komið inn á að lítið sé fjallað um önnur hálandissvæði en miðhálandið í tengslum við vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Einnig er bent á að umfjöllun vanti um laxeldi í sjó.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Horfa verður á landsskipulagsstefnuna í heild, til að mynda er varðar umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni á öðrum hálandissvæðum en miðhálandi þá eiga þær áherslur er snúa að dreifbýli m.a. við um önnur hálandissvæði.

Ýmiskonar starfsemi fer fram á haf- og strandsvæðum eins og orkuvinnsla, flutningar, fiskeldi, skelrækt, fiskveiðar og ferðamennska hlutverk og því er mikilvægt að landsskipulagsstefna taki tillit til ólíkrar nýtingar og verndunar. Einnig má áréttá að heimilt er að stunda sjókvíeldi samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Í umsögn sinni bendir VÍN á að óljóst er hvers vegna vísað er í ákveðnar áætlanir og leiðbeiningar en aðrar ekki og nefna í því samhengi til að mynda sé ekki minnst á Ramsarsamninginn.

Afstaða innviðaráðuneytisins:

Margt af því sem talið er upp í umsögninni hefur verið innleitt eða verið er að innleiða inn í íslenska löggjöf. Landsskipulagsstefna markar stefnu um skipulagsgerð á Íslandi og við skipulagsgerð sveitarfélaga þarf að taka mið af þeim lögum og reglum sem gilda um vernd svæða þrátt fyrir að það sé ekki tiltekið í Landsskipulagsstefnu. Skipulag tekur mið af verndarsvæðum sem eru vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Landsskipulagsstefnan verður gefin út í aðgengilegra formi og horft verður til þessara athugasemda í þeirri vinnu.